

Berist til: Menningar- og safnanefndar Garðabæjar

Efni: Styrkumsókn fyrir tónlistarnámskeið HIMA í ágúst 2021.

Styrkuppphæð: kr. 1.000.000.

Félagið Harpa International Music Academy (HIMA) var stofnað árið 2013 og hefur staðið fyrir alþjóðlegu sumarnámskeiði fyrir klassíska hljóðfæranemendur á hverju ári síðan þá. Námskeiðið varð fljótlega að föstum sessi íslenskra hljóðfæranemenda og hefur verið mjög vinsælt, en auk þess laðar HIMA að bæði nemendur og virta háskólakennara erlendis frá. Oftast hafa nemendur hvers námskeiðs verið á bilinu 60 - 80 og erlendir þátttakendur iðulega verið um 1/4 þeirra.

Eins og nafn HIMA gefur til kynna, leika nemendur þess á tónleikum í Hörpu, en kennslan hefur ávallt farið fram í Tónlistarskólanum í Reykjavík (nú Menntaskóla í Tónlist) og Tónskóla Sigursveins. Á þessu ári verður námskeið mið- og eldri deildar HIMA hins vegar haldið í fyrsta sinn í Garðabæ, með aðsetur í Fjölbrotaskólanum og Tónlistarskólanum. Kennsla mun fara fram dagana 4. - 13. ágúst og er búist við um 40 þátttakendum og 10 kennurum.

Kristinn Þorsteinsson, rektor FG, og Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans fá bestu þakkir fyrir að leyfa HIMA að nota aðstöðu skólanna. Leitað hefur verið í nokkur ár að hentugum stað á Reykjavíkursvæðinu þar sem a.m.k 40 nemendur gætu allir haft eigið æfingaherbergi á sama tíma til að æfa sig í 4 klst á dag, og mötuneytisaðstaða væri fyrir hendi þar sem allir nemendur og kennarar gætu borðað saman í hádeginu, eins og er í FG. Í frábærri aðstöðu Tónlistarskólans munu nemendur æfa ásamt meðleikurum og spila á masterklössum og tónleikum. Þar munu einnig fara fram kennaratónleikar, þar sem kennarar námskeiðsins munu leika einleiks- og kammerverk, en allir eru þeir á meðal fremstu íslenskra tónlistarmanna.

Ef þess er óskað gæti HIMA staðið fyrir frekari tónleikaflutningi í Garðabæ meðan að námskeiðið er í gangi, t.d. á Hönnunarsafninu og Bókasafninu.

Þátttakendur í eldri deild (4. -14. ágúst) verða á aldrinum 14 -22 ára og leika á fiðlu, víólu og selló. Á námskeiðinu fá þeir:

- 8 einkatíma (45 mín hver)
- meðleiksæfingu og spila á Masterklass
- 8 kenslutíma í kammertónlist
- spila í tveimur kammerhópum
- æfa sig í 4 klst á dag og æfa kammertónlist í 2 klst á dag
- leika á nemendatónleikum í Garðabæ
- leika einleiks- og kammertónlist í Norðurljóssasal Hörpu

Námskeið miðdeildar (10. - 15. ágúst) er sniðið að nemendum á aldrinum 12-14 ára, en þar fá nemendur 4 einkatíma og 5 kennslutíma í kammertónlist en er að öðru leyti eins og eldri deildin.

Eins og lýst hefur verið, býður HIMA upp á krefjandi og hvetjandi umhverfi fyrir metnaðarfulla strengjahljóðfæranemendur. Nú þegar hafa 30 umsóknir borist, þar af 10 erlendis frá, og því útlit fyrir að

námskeiðið verði fullt. HIMA hefur alltaf lagt áherslu á að erlendir nemendur taki þátt, þar sem það skapar alþjóðlegan vinkil á námskeiðið sem er einstakt á Íslandi.

HIMA sækir um kr. 1.000.000 styrk til að ganga upp í kostnað við að halda námskeiðið í Garðabæ:

kr. 500.000 aðstöðugjald í FG

kr. 100.000 aðstöðugjald í Tónlistarskólanum

kr. 550.000 hádegismatur í mötuneyti FG

HIMA er ekki rekið í hagnaðarskyni og hlýtur reglulega styrki frá Tónlistarsjóði, Reykjavíkurborg og Ýli. Styrkirnir standa að mestu undir rekstrarkostnaði en einnig greiða nemendur námskeiðsgjöld sem standa að mestu undir launum fyrir kennslu. Þau örfáu skipti sem einhver afgangur hefur verið af rekstri HIMA, geymist sú upphæð á reikningi félagsins fyrir námskeið næsta árs.

Kennarar við námskeið þessa árs verða:

Fiðlukennarar:

Sigurbjörn Bernharðsson, prófessor við Oberlin háskólann í Bandaríkjunum og listrænn stjórnandi HIMA

Ari Þór Vilhjálmsson, leiðari 2. fiðlu Fílharmóníusveitarinnar í Ísrael og framkvæmdastjóri HIMA

Guðný Guðmundsdóttir, fyrrum konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Auður Hafsteinsdóttir og Sif Margrét Tulinius, fiðluleikarar og kennarar

Víólukennari: Þórunn Ósk Marinósdóttir, leiðari víóludeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Sellókennari: Sigurgeir Agnarsson, leiðari sellódeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Meðleikur: Ingunn Hildur Hauksdóttir, píanóleikari

Unglistafólk:

Sólveig Steinþórsdóttir og Rannveig Marta Sarc, fiðlur

Hjörtur Páll Eggertsson, selló

Stjórn HIMA skipa:

Lin Wei, fiðluleikari; Ari Þór Vilhjálmsson, fiðluleikari; Sigurgeir Agnarsson, sellóleikari;

Kristín Mjöll Jakobsdóttir, fagottleikari og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, lögmáður

Við sem stöndum að HIMA hlökkum mikið til að komast í þá fyrsta flokks aðstöðu sem Tónlistarskólinn og Fjölbautaskólinn hafa upp á að bjóða, sem mun styrkja liðsheild nemenda og gera námskeiðið á allan hátt betra. Á móti mun HIMA auðga menningarlíf Garðabæjar með a.m.k. 50 nemendum og kennurum við tónlistaræfingar, kennslu og tónleika í 11 daga. Ef vel gengur kæmi Garðabær til greina sem framtíðarheimili fyrir HIMA, sem myndi bjóða upp á fjölmarga samvinnumöguleika til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Ari Þór Vilhjálmsson